

orðið smávegis dráttur, sem orsakast hefur af önnum við embættisstörf vegna sumarleyfa starfsfólks.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Sunnuver h/f, greiði gerðarbeiðanda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 121/1967. Síldarverksmiðjur ríkisins

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar

(Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtak. Gjald til vatnsveitu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1967 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hafizt var handa á Seyðisfirði árið 1965 um eflingu vatnsveitu. Bar brýna nauðsyn til framkvæmdar þessarar, einkum vegna hins veigamikla síldariðnaðar, sem settur hafði verið þar á laggir. Kostnaðaráætlun fyrirtækis vatnsveitunnar var upphaflega kr. 6.500.000.00, en kostnaður af verkinu er nú

talinn vera orðinn a. m. k. kr. 20.000.000.00. Til þess að afla fjár upp í kostnaðinn var sett reglugerð nr. 169/1965, sem leysti af hólmi gjaldskrá nr. 208/1958 fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Var vatnsskattur hækkaður. Í 11. gr. reglugerðarinnar segir: „Bæjarstjórn ákveður tengigjald“. Lagaheimild þessa reglugerðarákvæðis taldist vera í 8. gr. laga nr. 93/1947 um aðstoð til vatnsveitna, en þar segir, að leggja megi auk almenns vatnsskatts „sérstakt aukagjald . . . á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa . . .“. Hinn 13. apríl 1966 ákvað bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar að leggja samkvæmt nefndum heimildum tengigjald á 10 sildar- og fiskiðnaðarfyrirtæki á Seyðisfirði, alls kr. 12.250.000.00. Var áfrýjanda gert að greiða af þeirri fjárhæð kr. 6.000.000.00. Iðnaðarfyrirtækin vildu eigi una þessari álagningu. Ágreiningi þeirra og stefnda var ráðið til lykta með samkomulagi hinn 29. ágúst 1966, svohljóðandi:

„Samkomulag aðila í deilu um tengigjöld til Vatnsveitu Seyðisfjarðar:

I. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar endurskoði vatnsveitureglugerðina, sérstaklega ákvæðin um tengigjöld, og leggi breytinguna fyrir félagsmálaráðuneytið til fullnaðarákvörðunar.

II. Benedikts Sveinsson hdl. f. h. umbjóðenda sinna greiði upp í framlög til vatnsveitunnar kr. 2.250.000.00 fyrir 1. september n. k.

III. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar grípur ekki til lokunaraðgerða, enda falla lögbannsmál niður svo og öll eftirmál þeirra“.

Áfrýjandi greiddi kr. 1.421.000.00 af sammælisfjárhæðinni. Kvittaði stefndi fyrir þeirri greiðslu hinn 30. ágúst 1966 sem greiddri „upp í tengigjald til Vatnsveitu Seyðisj. samkv. samkomulagi . . .“. Á fundum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 26. september og 5. október 1966 var samþykkt breyting á reglugerð nr. 169/1965, og á fundi bæjarstjórnarinnar 21. desember 1966 var gerð svofelld samþykkt:

„1. Svohljóðandi tillaga frá bæjarráði var samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum:

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar samþykkir 20% lækkun gjalda samkvæmt 10. grein frumvarps að reglugerð um Vatnsveitu Seyðisfjarðar, sem nú biður staðfestingar í félagsmálaráðuneytinu, enda hækki ríkisstyrkur til vatnsveituframkvæmda á Seyðisfirði upp í 4.2 millj. króna og eigi lægri upphæð en kr. 700 þúsund greiðist á árinu 1967.

Að öðru leyti væntir bæjarstjórn þess, að ríkisstyrkurinn verði greiddur að fullu á næstu 4—5 árum“.

Ríkisstyrkur sá, sem greinir í samþykktinni, er veittur samkvæmt lögum nr. 93/1947.

Félagsmálaráðherra staðfesti síðan reglugerð nr. 281 28. desember 1966 um breytingu á reglugerð nr. 169/1965. Er útgáfudagur hennar tilgreindur 30. desember 1966.

Í 9. gr. hinnar endurskoðuðu reglugerðar eru hin almennu ákvæði um vatnsskatt, en 10. gr. hennar hljóðar svo:

„Nú hefur greiðsla kostnaðar við nýjar vatnsveitulagnir ekki fengizt greidd, eins og ráð er fyrir gert í 3. málslíð 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar, eða greiðsla hefur ekki verið tryggð samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, og er þá bæjarstjórn heimilt að leggja á atvinnufyrirtækin aukagjald í eitt skipti fyrir öll, eins og hér greinir:

1. Á sildarverksmiðjur allt að kr. 640.00 fyrir hvert mál (135 kg.), sem sildarpressur eru gefnar upp fyrir frá framleiðanda, miðað við lágmarksafköst á sólarhring.
2. Á hverja sildarsöltunarstöð allt að kr. 400.000.00.
3. Á hvert hraðfrystihús allt að kr. 400.000.00. Ef rekið er á sömu fasteign sildariðnaður skv. 1. og 2. tl., skal gjald skv. þessum tölulíð lækka um 50%.

Gjald þetta greiðist þannig, að 40% gjaldsins greiðast fyrsta árið, en eftirstöðvarnar með jöfnum greiðslum á fimm árum frá og með því ári, sem atvinnufyrirtæki er tengt eða komið í tengingarhæft ástand við hina nýju götuæð. Gjaldldagi er 1. júní ár hvert. Heimilt er bæjarstjórn að veita gjaldanda lengri gjaldfrest, enda greiði hann þá almenna innlánsvexti af eftirstöðvum gjaldsins, eins og það er á hverjum tíma frá tengingu.

Gjaldfallin og ógreidd aukagjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd fyrir 31. des. 1966.

Verði gjöld samkvæmt grein þessari vegna nýrra fyrir-tækja meira en 10% hærri en þau eru við gildistöku reglu-gerðar þessarar, og sú aukning gjaldanna leiðir ekki af lögn-um nýrra vatnsæða vegna atvinnufyrirtækja, skal endur-skoða reglugerð þessa og lækka gjöld samkvæmt 3. og 4. tl. 9. gr. til samræmis við þann tekjuauka, sem reynist um-fram áður nefnd 10%“.

Gjald það, sem nefnt var tengigjald í 11. gr. reglugerðar nr. 169/1965, nefnist aukagjald í 10. gr. reglugerðar nr. 281/1966. Samkvæmt nefndri 10. gr. bar áfrýjanda að greiða kr. 4.800.000.00, og féllu 40% af því fé í gjalddaga 1966, þ. e.
kr. 1.920.000.00

Greitt var 30. ágúst 1966 — 1.421.000.00

Eftirstöðvar kr. 499.000.00

Stefndi krafði áfrýjanda um eftirstöðvar þessar hinn 2. janúar 1967, og hinn 14. janúar 1967 var að beiðni stefnda kveðinn upp úrskurður um lögtak fyrir gjaldinu.

Hinn 10. júlí 1967 samþykkti bæjarstjórn Seyðisfjarðar til vonar og vara, að aukagjald stefnda skyldi vera kr. 4.800.000.00.

Aukagjaldið samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 281/1966 er sama gjaldið, sem nefnt er tengigjald í 11. gr. reglugerðar nr. 169/1965. Er einungis um afmörkum þess að tefla í 10. gr. Heimild til álagningar slíkra gjalda er í 8. gr. laga nr. 93/1947. Með samkomulagi 29. ágúst 1966 játaðist áfrýjandi og undir að hlíta úrskurði félagsmálaráðherra um fullnaðar-ákvörðun gjaldsins. Þá er litið er annars vegar á vöxt síldar-iðnaðarins á Seyðisfirði og vatnspörf hans og hins vegar á smæð bæjarfélags Seyðisfjarðar, verður að meta samkomu-lag þetta gilt. Leysa ákvæði 14. gr. laga nr. 1/1938, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1962, áfrýjanda eigi undan greiðslu auka-gjaldsins. Ákvæði 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 standa eigi gjaldskyldunni í vegi.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Dæma verður áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 65.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaðóms Seyðisfjarðar 24. júlí 1967.

Með bréfi, dagsettu hinn 2. janúar 1967, krafði bæjarstjórinn á Seyðisfirði gerðarþola, Síldarverksmiðjur ríkisins á Seyðisfirði, um krónur 499.000.00, sem bæjarstjórinn taldi gerðarþola skulda Vatnsveitu Seyðisfjarðar sem eftirstöðvar aukagjalds (tengigjalds), álögðu árið 1966 eftir reglugerð nr. 169/1965 um Vatnsveitu Seyðisfjarðar og breytingu á þeirri reglugerð, staðfestri af félagsmálaráðuneytinu hinn 28. desember 1966, nr. 281/1966, og birtri 30. desember sama ár.

Samkvæmt beiðni bæjarstjórans á Seyðisfirði kvað bæjarfógetinn á Seyðisfirði upp almennan lögtaksúrskurð fyrir gjaldi þessu hinn 14. jan. s.l., og var úrskurðurinn birtur umboðsmanni gerðarþola, Benedikt Sveinssyni héraðsdómslögmanni, sama dag.

Gerðarþoli mótmælti framgangi lögtaksins, en lögtaksaðgerðir hófust hinn 27. jan. 1967, og var lögtaksmálið síðan rekið fyrir fógetarétti Seyðisfjarðar og úrskurður upp í því kveðinn af hinum reglulega fógeta hinn 30. jan. s.l. Úrskurði þessum skaut gerðarþoli síðan til Hæstaréttar, og var hann ómerktur þar hinn 22. júní s.l., en hinn reglulegi fógeti hefur þegar vikið sæti í málinu.

Hófust síðan aðgerðir í málinu á nýjan leik hinn 11. júlí þ. á., og samkvæmt samþykki umboðsmanna málsaðilja var uppkvaðning og birting almenns lögtaksúrskurðar svo og öflun gagna fyrir fógetarétti Seyðisfjarðar í jan. s.l. látin gilda sem grundvöllur máls þessa, sbr. rskj. nr. 2.

Kröfur gerðarbeiðanda eru þær, að lögtak verði framkvæmt

til tryggingar áður nefndri skuld, kr. 499 þúsund, ásamt 7% árs-vöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. jan. s.l. að telja til greiðsludags svo og málskostnaði öllum í máli þessu, þar á meðal málflutnings-launum samkvæmt taxta L. M. F. Í. Við munnlegan málflutning og í skjölum hefur lögmaður gerðarbeiðanda skýrt mál þetta svo, að eins og kunnugt sé, hafi síldargengdin vaxið mjög snögglega fyrir Austurlandi og hafi á nokkrum árum risið upp verulegur síldariðnaður á Seyðisfirði. Iðnaður þessi þarfnist mikils magns af vatni, enda hafi verulegur vatnsskortur fljótlega gert vart við sig á staðnum við tilkomu hans. Því hafi bæjarfélagið eigi séð sér annað fært en ráðast í verulegar vatnsveituframkvæmdir, sem muni kosta 19 til 20 milljónir króna.

Með heimild í 11. grein reglugerðar fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 169/1965 hafi verið lagt svonefnt tengigjald á gerðarþola að fjárhæð kr. 6 milljónir. Vegna deilu um upphæð gjaldsins hafi bæjarstjórn gert breytingu á téðri reglugerð, sem staðfest hafi verið af félagsmálaráðuneytinu hinn 28. des. 1966 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 30. s. m., nr. 281/1966. Í reglugerðarbreytingu þessari sé umrætt tengigjald nefnt aukagjald og sé það þar ákveðið 20% lægra en tengigjaldið hafi verið. Þetta sé í samræmi við samkomulag aðilja frá 29. ágúst 1966 og gjaldskrána í reglugerðarbreytingunni. Hins vegar hafi engin gjaldskrá verið í upphaflegu reglugerðinni nr. 169/1965, en bæjarstjórn fengið þar ákvörðunarvaldið um álagninguna. Samkvæmt þessu hafi hið álagða gjald lækkað úr kr. 6 milljónum í kr. 4.8 milljónir og af þeirri fjárhæð sé gjaldfallið á árinu 1966 40%, eða kr. 1 milljón 920 þúsund. Hinn 30. ágúst 1966 hafi gerðarþoli greitt gerðarbeiðanda kr. 1 milljón 421 þúsund og mismunurinn sé lög-takskrafan, kr. 499 þúsund. Lögmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi gerðarinnar í greinargerð, og þó einkum í munnlegum málflutningi. Andmæli sín reisir hann m. a. á því, að Síldarverksmiðjur ríkisins séu ríkisfyrirtæki og séu undanþegnar gjaldi þessu með ákvæðum laga nr. 1/1938 og sé gjald þetta í eðli sínu sveitarsjóðsgjald, sem gerðarþola sé eigi skylt að greiða. Tæmandi talning á gjöldum þessum sé að finna í 14. gr. laganna, en gjald það, sem hér um ræðir, sé þar eigi talið. Þessu sjónarmiði til frekari stuðnings hefur lögmaðurinn einnig bent á hrd. nr. 110/1959, þar sem Sementsverksmiðju ríkisins var talið óskylt að greiða bæjarsjóði Akraness byggingargjald. Enn fremur hefur lögmaðurinn haldið því fram, að álagning umrædds aukagjalds (tengigjalds) sé ólögleg vegna þess, að gjaldendum sé

með henni stórlega mismunað, og enn fremur sé hún brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem gjald þetta sé svo miklum mun hærra en annars staðar tíðkist, að það jaðri við eignarnám.

Þá telur lögmaðurinn, að viðmiðun við tækjastærð í gjaldskránni sé eigi að lögum og enn fremur að ákvæðum reglugerðarinnar við álagningu gjaldsins hafi eigi verið fylgt og sé það eigi í gjalddaga fallið. Í þessu sambandi bendir hann á, að umrætt aukagjald hafi eigi verið lagt á eftir reglugerð nr. 281/1966, sem birt var 30. des. s. á.

Svo og telur lögmaðurinn greiðslu gerðarpola til vatnsveitunnar 30. ágúst 1966, kr. 1 milljón 421 þúsund, hafa verið frjálst framlag gerðarpola til gerðarbeiðanda, en ekki greiðslu upp í álagt tengigjald (aukagjald). Þá krefst lögmaðurinn og málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Við úrlausn þess, hvort Síldarverksmiðjur ríkisins eigi að vera undanþegnar gjöldum til vatnsveitna að einhverju eða öllu leyti, sbr. ákvæði 14. gr. laga nr. 1/1938, skal það haft í huga, að vatnsveitur eru ekki alltaf reknar af sveitarfélögum, og gjöld til þeirra eru borgun fyrir fjármunaleg verðmæti og þurfa ekki eðli sínu samkvæmt að tilheyra sveitarsjóðsgjöldum. Ekki yrði t. d. talið, að gerðarpoli væri undanþeginn greiðslu rafmagnsgjalda í því tilfelli, að sveitarfélag ræki rafveitu. Hrd. nr. 110/1959 fjallar um mál, sem ekki er hliðstætt þessu.

Ekki hefur það einu sinni verið gert líklegt í málflutningi umboðsmanns gerðarpola, að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi komizt hjá því að greiða gjöld til vatnsveitna í öðrum byggðarlögum. Auk þess verður að telja, að með greiðslu sinni hinn 30. 8. 1966 og samkomulagi málsaðilja hinn 29. 8. 1966 hafi gerðarpoli viðurkennt gjaldskyldu sína til Vatnsveitu Seyðisfjarðar. Sú staðhæfing lögmanns gerðarpola um, að greiðslan hinn 30. ágúst 1966, þar sem gerðarpoli greiddi gerðarbeiðanda kr. 1 milljón 421 þúsund, hafi verið frjálst framlag gerðarpola til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, er svo tortryggileg, að hún verður eigi tekin til greina. Því verður talið, að hér hafi verið um greiðslu gerðarpola upp í gjaldskuld til gerðarbeiðanda að ræða.

Samkvæmt þessu verða andmæli lögmannsins gegn gjaldskyldu gerðarpola ekki tekin til greina.

Priðja málsgrein 8. gr. laga nr. 93 frá 1947 heimilar álagningu aukagjalds (tengigjalds) á þá, sem vatn nota til annars en heimilisþarfa, svo sem iðnaðarfyrtæki, en reglugerð um Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 169/1965 og breyting á henni nr. 281/1966 er

sett samkvæmt téðum lögum svo og vatnslögum nr. 15/1923. Telja verður, að lagareglur þessar standist gagnvart 67. gr. stjórnarskrárinnar, og verða því andmæli lögmanns gerðarþola, að álagningin jaðri við eignarnám, eigi tekin til greina.

Þau andmæli lögmannsins, að með umræddri álagningu sé gjaldendum stórlega mismunað og viðmiðun gjaldsins við tækja-stærð ólögleg, verða ekki heldur tekin til greina af sömu ástæðum. Enda verður að telja, að hinar kostnaðarsömu vatnsveitu-framkvæmdir hafi að langmestu leyti verið gerðar í þágu síldar-iðnaðarins, sem risið hefur upp á Seyðisfirði á skömmum tíma, en stærsta iðnaðarfyrirtækið þar er rekið af gerðarþola.

Við úrlausn þess, hvort aukagjaldið (tengigjaldið) sé í gjald-daga fallið, verður fyrst og fremst að taka tillit til samkomulags málsaðilja frá 29. ágúst 1966 og greiðslu gerðarþola 30. s. m., sem álíta verður greiðslu upp í oft umrætt gjald.

Samkvæmt orðalagi reglugerðar nr. 169/1965 og breytingarinnar nr. 281/1966 verður að telja aukagjaldið sama gjaldið og tengigjaldið í upphaflegu reglugerðinni og gjalddaginn ákveðinn með samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar frá 13. apríl 1966 svo og með tengingu heimæðar á árinu. Þessi andmæli gegn framgangi gerðarinnar verða því eigi tekin til greina.

Lögmaður gerðarþola hefur staðhæft, að gerðarbeiðandi hafi eigi staðið við samkomulagið frá 29. ágúst 1966. Með tilliti til breytingarinnar á reglugerðinni nr. 281/1966 verður að telja, að gerðarbeiðandi hafi efnt það loforð sitt, að reglugerðin, og þá sérstaklega ákvæðin um tengigjöldin, yrði endurskoðuð og staðfest af félagsmálaráðuneytinu. Það skal og haft í huga varðandi mál þetta allt, að gjaldskráin í reglugerðarbreytingunni orkar gerðarþola í hag, þar eð hið álagða gjald lækkar samkvæmt henni um 20%.

Samkvæmt framanskráðu verður að heimila framgang gerðarinnar til tryggingar lögtakskröfunni á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir þessum úrslitum málsins og með sérstöku tilliti til samkomulagsins frá 29. ágúst 1966 þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda fullan málskostnað í máli þessu, þar með talin málflutningslaun samkvæmt taxta L. M. F. Í. Málskostnaðurinn í heild þykir hæfilega ákveðinn kr. 60 þúsund.

Valtýr Guðmundsson, skipaður setufogeti, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði gerðarbeiðanda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 60 þúsund í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 122/1967. **Hafsíld h/f**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h.

Vatnsveitu Seyðisfjarðar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtak. Gjald til vatnsveitu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1967 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hafizt var handa árið 1965 um eflingu vatnsveitu á Seyðisfirði. Bar brýna nauðsyn til framkvæmdar þessarar, einkum vegna hins veigamikla sildariðnaðar, sem settur hafði verið þar á laggir. Kostnaðaráætlun fyrirtækis vatnsveitunnar var upphaflega kr. 6.500.000.00, en kostnaður af verkinu er nú talinn vera orðinn a. m. k. kr. 20.000.000.00. Til þess að afla fjár upp í kostnaðinn var sett reglugerð nr. 169/1965, sem leysti af hólmi gjaldskrá nr. 208/1958 fyrir Vatnsveitu Seyð-